

128. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

3. 11. 2021 kl. 8:30 – 10:00

Fjarfundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Huguína Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Kristín Hermannsdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Huguína Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Þorkell Óskar Vignisson og Bjarni Guðmundsson.

- **Hringrás í Hornafirði**

Elísabet Björney Lárusdóttir var gestur á fundinum og kynnti hennar vinnu í tengslum við verkefnið *Hringrás í Hornafirði* sem hlaut styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Verkefnið er samstarfsverkefni Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Nýheima þekkingarseturs, Vöruhússins og SASS. Hluti verkefnisins verður stofnun samráðshópsins "Umhverfis Hornafjörður" sem mun hafa það hlutverk að virkja samfélagið til þátttöku.

- **Erindi frá Vatnajökulsþjóðgarði**

Steinunn Hödd sagði frá því helsta sem verið er að vinna að á suðursvæði um þessar mundir. Unnið er að þolmarkarannsókn á Breiðamerkursandi en Nýheimar þekkingarsetur og Náttúrustofa Suðausturlands vinna að verkefninu. Sagði Steinunn frá því að líklega verði Gömlubúð lokað fyrir almenna gesti nú um áramót vegna manneklu. Steinunn Hödd hefur verið ráðin sem þjóðgarðsvörður á Suðursvæði ásamt Hrafnhildi Ævarsdóttur.

- **Samstarfsnet Nýheima**

Huguína Harpa ræddi málefni teymanna og þróun nýsköpunarhóps sem hefur fundað reglulega í að verða ár. Hópurinn hefur unnið að verkefnaumsóknum fyrir verkefni á sviði nýsköpunar og með fundum sínum aukið samtal milli stofnana. Rætt var um helstu samstarfsverkefni sem stofnanir Nýheima vinna að um þessar mundir og ljóst að samstarfsnetið er virkt og þróunin jákvæð.

- **Afmælisár Nýheima**

Afmælisár Nýheima er á næsta ári, rætt var um hvað væri hægt að gera í tilefni dagsins. Fram kom hugmynd um að halda upp á daginn með ráðstefnu og veisluhöldum. Einnig var rætt hvort hægt væri að fara í samskonar heimsókn og farið var í á tíu ára afmæli hússins þar sem sambærilegt setur var heimsótt. Huguína Harpa, Eyjólfur og Steinunn Hödd tóku að sér að vinna að hugmyndum og kynna á næsta fundi stjórnar.

- **Önnur mál**

Kristín Hermannsdóttir sagði frá fyrirspurn sem henni barst frá sænskum aðila sem er að skipuleggja ferð til Íslands með ungmenni í mars á næsta ári. Hópurinn hefur áhuga á að heimsækja Nýheima, stofnanir munu sameinast um að taka á móti hópnum.

Huguína Harpa sagði frá því að hún vinnur nú að því að skila gögnum til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna úttektar í tengslum við endurnýjun samnings.

Hugrún Harpa minnti á að vegna vinnuferðar erlendis hefur næsti stjórnarfundur verið færður til miðvikudagsins 8. desember.

Fundi slitið klukkan 9:45

Einn - Afur Guttmundur

Hugrún Harpa Reynisdóttir